

Prettandi fundur haldinn á Breiðabliki fimmtudaginn 16. nóvember 2017 kl. 20:00

Mættir: Eggert Kjartansson, Atli Sveinn Svansson, Harpa Jónsdóttir, Halldór Jónsson og Katrín Gísladóttir sem ritar fundargerð.

Oddviti setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

Dagskrá:

1. Útsvarsprósenta vegna 2018. Samþykkt samhljóða að hún verði 14,48%
2. Fasteignagjöld 2018. Samþykkt samhljóða að þau verði 0,5 % á alla flokka. Eldri borgarar fái 50 % afslátt af íbúðarhúsum eins og verið hefur.
3. Erindi frá Brákarhlíð og varðar framlag fyrir 2018. Samþykkt samhljóða.
4. Erindi frá Heilbrigðiseftirliti og varðar framlag fyrir 2018. Samþykkt samhljóða.
5. Erindi frá Svæðisgarðinum og varðar framlag fyrir 2018. Samþykkt samhljóða.
6. Laun hreppsnefndar, nefnda, oddvita og skrifstofukostnaður vegna 2018. Miðað við launaflokk 149 í kjarasamningum Sambands isl. Sveitarfélaga og SDS.

Oddviti	64 %
Hreppsnefndarmenn	8 %
Formenn nefnda	7 %
Aðrir nefndarmenn	5 %
Kjörstjórn sveitarstjórnar	16 %
Kjörstjórn forseta / alþingis	8 %

Skrifstofukostnaður ákveðinn 210 þúsund á ári
Samþykkt samhljóða.

7. Drög að samning við tónlistaskóla Borgarfjarðar. Samþykkt samhljóða.
8. Staðgreiðsluáætlun lögð fram.
9. Gjaldskrá vegna tónlistarnáms. Samþykkt samhljóða.
10. Fjárhagsáætlun vegna 2018 seinni umræða. Samþykkt samhljóða
11. Priggja ára fjárhagsáætlun fyrri umræða. Samþykkt til seinni umræðu.
12. Málefni Hitaveitu Eyja og Miklaholtshrepps. Allt kjörtímabiðlið hefur hreppsnefnd reynt að ná farsælli niðurstöðu í málefni HEM. Hinn 14. ágúst síðastliðinn samþykkti hreppsnefnd kaupsamning um kaup sveitarfélagsins á eignarhlutum Félagsbúsins Miðhrauni II og Sigurðar Hreinsson í hitaveitunni. Af hálfu hreppsnefndar voru hins vegar settar fram eftirfarandi fyrirvarar við kaupin.

- **Að Eiðhús ehf kaupir hlutafé og vatn af sveitarfélaginu í samræmi við það sem kynnt var á fundinum.**
- **Að Hitaveita Eyja- og Miklaholtshrepp komi að kaupum á hlutafé og vatni af sveitarfélaginu.**

Þau skilyrði sem fólust í fyrirvörum gengu ekki eftir og því er sveitarfélagið ekki bundið við kaupsamninginn. Verður því ekkert af kaupum EM á framangreindum eignarhlutum í hitaveitunni. Harmar sveitarstjórn þessa niðurstöðu því með kaupunum átti að tryggja loksins frið og sátt í samfélaginu vegna hitaveitumála. Er það von sveitarstjórnar að eftir alla þá miklu

vinna sem unnin hefur verið undanfarið í málefnum Hitaveitunnar að farsæl niðurstaða náist sem fyrst.

Samþykkt að oddviti fengi heimild til að bjóða hlut sveitarfélagsins í Hitaveitu Eyja og Miklaholtshrepp til sölu.

13. Breyting á sorphirðu í sveitarfélaginu ? málinu frestað til næsta fundar.

14. Umsögn um rekstrarleyfi veitingarstaðar í flokki II, Hjá góðu fólki. Skipulags og byggingarfulltrúi hefur ekki verið beðinn um að koma í loka úttekt á húsinu. Afgreiðslu á erindinu er því frestað en oddvita veitt heimild til að gefa jákvæða umsögn þegar allar úttektir hafa farið fram og byggingin tilbúin í rekstur.

15. Bréf frá Vegamótatorfunni frá 1. október 2017 og varðar samstarf á svæðinu. Í bréfinu er farið fram á samstarf við sveitarfélagið um að efla og styrkja Vegamótatorfuna sem þjónustusvæði og eru þar nokkur atriði nefnd. Hreppsnefnd alltaf jákvæð um að koma að uppbyggingu í sveitarfélaginu. Ákveðið að senda bréf til Vegagerðarinnar um að taka niður umferðahraðann og þrýsta á að viðhaldi girðinga meðfram vegum í sveitarfélaginu sé sinnt.

16. Endurskoðun á aðalskipulaginu, farið yfir gögn.

17. Framhald samnings vegna hótels í Laugargerðisskóla ? Málin rædd, oddvita falið að vinna málin áfram.

Lagt fram til kynningar.

18. Fundargerð 853 fundar sambandsins

19. Fundarboð á aðalfund Byggðarsamlags Snæfellinga 22. nóvember

Fleira ekki gert og fundi slitið.

Katrín Gísladóttir (sign)

Halldór Jónsson (sign)

Harpa Jónsdóttir (sign)

Atli Sveinn Svansson (sign)

Eggert Kjartansson (sign)